

## LÖG

um breytingu á lögum nr. 51 28. apríl 1983,  
um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

Á eftir 27. gr. laganna, aftan við ákvæði til bráðabirgða, sbr. l. nr. 21/1984 og l. nr. 12/1985, komi ný ákvæði til bráðabirgða sem orðist svo:

## Ákvæði til bráðabirgða III.

## 1.

Auk tekna skv. 9. gr., 16. gr., 22. gr. og 27. gr. skulu deildir sjóðsins árið 1986 hafa tekjur af endurgreiðslu söluskatts til sjávarútvegs sem hér segir:

	M. kr.
a. Almenn deild .....	250
b. Verðjöfnunardeild .....	250
c. Áhafnadeild .....	100

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að ákveða sérstaka greiðslu af þessu fé úr verðjöfnunardeild til loðnuveiða og síldveiða.

Heimilt er að færa fé þetta milli deilda sjóðsins með samþykki sjávarútvegsráðherra.

## 2.

Árið 1986 skal í stað bótagreiðslna úr hinni almennu deild sjóðsins samkvæmt I. kafla laganna greiða sérstakar bætur sem nemi 4% af öllu verðmæti afla sem landað er innanlands, miðað við lágmarksverð skv. ákvörðunum Verðlagsráðs sjávarútvegsins að meðtalinni kassa- og línuuppbót, en af skiptaverðmæti við landanir veiðiskipa erlendis. Bætur þessar skal greiða inn á reikning hvers skips hjá Stofnfjár sjóði fiskiskipa, sbr. lög nr. 4 13. febrúar 1976, skv. reglum sem sjávarútvegsráðherra setur. Bætur þessar koma ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

Um ákvörðun gjaldstofns og greiðslur fer á sama hátt og um greiðslur í Stofnfjár sjóði fiskiskipa eftir því sem við getur átt.

## 3.

Auk sérstakra bóta samkvæmt 2 skal á tímabilinu 1. september 1985 til 31. desember 1986 greiða til útgerðar fiskiskipa 3% viðbót á sama stofn og greinir í 2 samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setur. Bætur þessar koma ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

## 4.

Árið 1986 skal áhafnadeild auk greiðslu fæðispeninga greiða lífeyrisframlag sem er 1% á sama stofn og greinir í 2. Greiðsla þessi skal renna til útvegsmanna til þess að standa undir hluta af iðgjöldum til lífeyrissjóða sjómanna samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setur.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Halldór Ásgrímsson.*